

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Skuggasund 1
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 3. nóvember 2022
Málsnúmer: 202210-0031
SS/IAS/LA

Efni: Umsögn um verndargildi jarðarinnar Hóla í Norðfirði, landr. 158158 vegna forkaupsréttar ríkissjóðs.

Vísað er í tölvubréf frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, dags. 26. október 2022, þar sem óskað er eftir því að Náttúrufræðistofnun Íslands veiti umsögn um hvort ríkissjóður eigi að nýta sér forkaupsrétt á jörðinni Hólum í Norðfirði, Fjarðabyggð, landnr. 158158. Jörðin er innan svæðis nr. 609 á náttúruminjaskrá, „Kirkjubólsteigur, Hólar og Tandrastaðir, Neskaupstað (áður Norðfjarðarhr.). (1) Svæðið norðan Norðfjarðarár, frá Ytri-Máriánslæk (Mariúlæk) inn að Fannardalsá og til fjallsegga. (2) Kjarri vaxnar hlíðar og mikið framhlaup, þ.e. Hólahólar, með lífrikum smátjörnum. Gott land til útivistar.“

Ekki er um alla jörðina að ræða heldur skika á jörðinni miðri sem er um 99,4 hektarar en jörðin Hólar, sem skiptist upp í þrjá skika, er í heild rúmlega 800 hektarar. Skikinn er því lítill sem og ílangur og nær frá Norðfjarðará upp að brúnum Skeiðfells.

Framhlaupið Hólahólar er að mestu leyti innan Hólajarðar. Það er, tilkomumikið og setur mikinn svip á landslag. Framhlaup af þessum toga hafa töluvert verndargildi m.a. vísindalegt gildi sem og fyrir landslag. Framhlaupið er ekki innan svæðisins sem hér er til umfjöllunar heldur á jarðarskikanum fyrir vestan, innan landnúmers 158156 og innan jarðar Tandrastaða. Þar eru lífríkar smátjarnir sem fjallað er um í náttúruminjaskránni. Kjarri vaxnar hlíðar er að finna á allri jörðinni þ.m.t. þeirri sem er til skoðunar.

Austan við framhlaupið eru greinileg ummerki jökulgarðs, Maríuhóll, sem liggur í gegnum alla jörðina landnr. 158158, og heldur áfram yfir á jörðina þar fyrir austan. Á náttúruminjaskrá er jökulgarðurinn ekki nefndur í lýsingu þrátt fyrir að vera innan marka svæðisins. Í núverandi vinnu Náttúrufræðistofnunar við endurskoðun náttúruminja á C-hluta má búast við að mörk svæðisins verða dregin nákvæmar og lýsing náttúruminja bættar.

Að mati Náttúrufræðistofnunar er verndargildi framhlaupsins og jökulgarðsins mikið en erfitt er að draga fram verndargildi þess litla hluta sem er innan landsnúmers 158158 sérstaklega. Því er ekki ástæða til að ríkið nýti forkaupsrétt sinn einungis til að halda í þann hluta. Hins vegar mætti skoða að gera samkomulag við væntanlegan kaupanda sem einnig er landeigandi að aðliggjandi jörð þar sem framhlaupið er, um að tryggja verndun jarðminjanna með því að fara ekki í framkvæmdir sem geta raskað þeim s.s. skógrækt með öðrum tegundum en birki, til að viðhalda núverandi birkikjarri, sýnileika jarðminjaheildarinnar og sérkennum landslagsins.



Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

